

Stjórnarfundur Almannaþingarinnar

haldinn í fundarsal Gb 5 Húsavík
fimmtudaginn 17. maí 2018 kl. 13:00

Mætt voru til fundar: Halla Bergþóra Björnsdóttir, Kristján Þór Magnússon.

Einnig sátu fundinn : Kristján Kristjánsson, Grímur Kárason, Bjarni Höskuldsson,

Fjarverandi: Elías Pétursson, Sigurður Þ Guðmundsson, Þorsteinn Gunnarsson, Dagbjört Jónsdóttir, Þórarinn Þórisson, Steinþór Heiðarsson, Reinhard Reynisson.

Dagskrá:

1. Flugslysaáætlun 12. maí
2. Starf nefndarinnar það sem af er ári
3. Önnur mál

Afgreiðslur og umræður á fundi:

Í ljósi mikilla forfalla á fundinum þá varð ekki mikið úr formlegum fundahöldum.

Halla Bergþóra formaður setti þó fund og bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

1. Flugslysaæfing 12. maí

Allir viðstaddir höfðu tekið þátt í flugslysaæfingunni um síðustu helgi og því lítil þörf á að fara sérstaklega yfir gang hennar. Allir lístu þó mikilli ánægju með útkomu æfingarinnar og voru sammála um mikilvægi þess að viðhalda starfi almannaþingarinnar með æfingum sem þessum.

2. Starf nefndarinnar á árinu.

KK og GK gerðu grein fyrir þeirri vinnu sem unnin hefur verið á árinu.

- Sjúklysaáætlun var öll endurskoðuð og gefin út ný útgáfa hennar.
- Jarðskjálftaáætlun fyrir svæðið hefur verið uppfærð.
- Flugslysaáætlun fyrir Húsavíkurflugvöll var uppfærð fyrir æfingu og þegar rýnskýrslur æfingarinnar liggja fyrir verða þær notaðar til frekari endurbóta á áætluninni ef ástæða þykir til.

3. Önnur mál.

Undir liðnum var aðeins rætt um gerð viðbragðsáætlunar vegna gróðurelda, ýmis vinna er í gangi við gagnaöflun m.a. hjá UST vegna vendarsvæðis Laxár og Mývatns.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00